



Æskulýðsskýrsla Fáks 2023-2024



Markmið æskulýðsnefndar er að vinna að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi fyrir unga knapa sem ýmist stunda hestamennsku sem keppnisíþrótt eða sem áhugamál og síðast en ekki síst fyrir þá knapa sem vilja byrja að stunda hestaíþróttir og eru að stíga sín fyrstu skref og stuðla þar með að nýliðun í félagið.

Haustið 2023 var auglýst var eftir fulltrúa í fræðslu og æskulýðsstarf félagsins til að leiða og skipuleggja fræðslu og æskulýðsstarf félagsins. Í nóvember var svo ráðinn í starfið Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir reiðkennari og Fákskona.

Í æskulýðsnefnd 2023-2024 sátu:

Barla Isenbugel
Elín Hulda Halldórsdóttir
Guðrún Helga Harðardóttir
Henna Siren

Ingvar Sigurðsson
Ívar Hauksson
Lilja Alexandersdóttir
Karen Lind Gunnarsdóttir

Karen Ósk Sampsted
Rut Skúladóttir
Vigdís Matthíasdóttir



Uppskeruhátíð Fáks haust 2023

Stigahæstu knapar yngri flokka eru verðlaunaðir á hverju ári á uppskeruhátíð Fáks. Fákshótelagar voru sem fyrr í fremstu röð á mótaárinu 2023 og verður spennandi að fylgjast með þeim spreyta sig á næstkomandi keppnistímabili.

Ungmennaflokkur

Eva Kærsted

Góður árangur á Reykjavíkurmestaramóti í T1 og V1
8. sæti í V1 og T1 á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna
1. sæti í tölti T3 í Blue Lagoon mótariðinni
Ásamt öðrum góðum árangri.

Arnar Máni Sigurjónsson

Reykjavíkurmestari í tölti T1, fjórgangi V1 og gæðingaskeiði PP1
3. sæti á Gæðingamóti Fáks og Spretts
Íslandsmeistari í T2, 2. sæti í fimmgangi og 7. sæti í fjórgangi.
1. sæti í T4 og V2 á Suðurlandsmóti

Unglingaflokkur

Sigurbjörg Helgadóttir

Reykjavíkurmestari í tölti T3 og fjórgangi V2
2. sæti í unglingaflokki gæðinga á Íslandsmóti
3. sæti í tölti T1 á Íslandsmóti barna og unglinga og 5. sæti í fjórgangi V1.
1. sæti í gæðingaskeiði í Meistaradeild Æskunnar og 2. sæti í fjórgangi V1 í sömu deild.

Matthías Sigurðsson

6 faldur Reykjavíkurmestari í unglinga og ungmennaflokkum.
3 Íslandsmótstitlar í unglingaflokki, í T4, F2 og samanlagður
2. sæti á Íslandsmóti ungmenna í T2 og gæðingaskeiði.
Ásamt frábærum árangri á öðrum mótum

Barnaflokkur

Þórhildur Helgadóttir

Reykjavíkurmestari í tölti T3 og fjórgangi V2
Sigurvegari barnaflokks á Gæðingamóti Fáks og Spretts
Íslandsmeistari í T4 og V2
1. sæti í Tölti T3 á íþróttamóti Harðar

Sigurður Ingvarsson

Reykjavíkurmestari í T7
2. sæti á gæðingamóti Harðar
4. og 5. sæti í tölti T7 og fjórgangi V2 á Suðurlandsmóti yngri flokka
Góður árangur á Gæðingamóti Fáks



Námskeið og fræðsla 2024

Pollar og börn

Sigrún Sigurðar og Henna Siren voru með vetrarþjálfun fyrir polla og börn einu sinni í viku. Æfingar hófust strax í byrjun janúar og héldu áfram út maí. Hóparnir voru stigskiptir eftir getu knapa og hests. Námsefnið var fjölbreytt og krefjandi þar sem áhersla var lögð á að ábendingar og gangtegundir, þrautir og leiki, undirbúning fyrir þátttöku í vetrarmótum, undirbúning fyrir munsturreið og sýningaratriði og svo undirbúning fyrir fyrstu skref í hindrunarstökki.

Námskeið í Gæðingalist með Fredricu Fagerlund

Námskeiðið var hugsað fyrir börn, unglinga og ungmenni og þá sérstaklega þau sem stefndu á keppni í greininni.

Gæðingarlist er grein sem ýtir undir sköpunargleði og hefur átt gríðarlega mikilvægan þátt í að þróa reiðmennsku á Íslandi. Greinin er spuni eða program sem knapinn býr til og fær tækifæri til að sýna það sem hann og hesturinn gera best. Námskeiðið byrjaði á fyrirlestri þar sem farið var yfir reglur og áherslur í keppni og í kjölfarið voru 6 verklegir einkatímar sem kenndir voru í desember, janúar og febrúar og enduðu rétt fyrir keppni í Gæðingalist í MD æskunnar.

Höfuðleðurgerð

Hið sívinsæla námskeið Höfuðleðurgerð fyrir unga fáksara með Sigrúnu Sig var haldið í mars. Á námskeiðinu fengu krakkarnir leður, sylgju og hnoð og lærðu að setja saman og skreyta sitt eigið höfuðleður. Mikið var um bling bling skreytingar, námskeiðið var vel sótt og er einnig frábær samverustund fyrir börn og foreldra.





Fyrirlestraröð Sprettis og Fáks.

Sprettur og Fákur fóru í samstarf með fjóra afar fróðlega fyrirlestra sem ætlaðir voru sérstaklega fyrir knapa í yngri flokkum - barnaflokki, unglingsflokki og ungmennaflokki.

Í janúar var Halldór Victorsson íþróttadómari með fyrirlestur “Hvað eru íþróttadómara að hugsa?” Halldór fór yfir lög og reglur, dómsskala og allt sem viðkemur keppni í íþróttakeppni.

Einar Ásgeirsson fóðurfraeðingur var með fyrirlestur um fóðrun og bætiefni og lögð voru drög að fóðurráttun. Hinrik Þór Sigurðsson reiðkennari var með hugarþjálfun og undirbúningur fyrir keppni. Mjög áhugavert efni þar sem ungir knapar fengu tækifæri til að tileinka sér ýmis verkfæri sem hægt er að nota til að undirbúa sig betur og markvisst fyrir keppni. Þegar líða fór nær að Landsmóti kom svo Þórir Örn Grétarsson, gæðingadómari og fór yfir útfærslu á sýningu í keppni, talaði um helstu áherslur dómara, dómsskala og lög og reglur í gæðingakeppni.

Fyrirlestraröð yngri flokka

SPRETTUR
FÁKUR
SÓTI



SKRÁNING Á
SPORTABLER.COM
(SPRETTUR)

Keppnisnámskeið

Kári Steinsson og Vigdís Matthíasdóttir voru með keppnisnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni 1x í viku. Námskeiðið byrjaði í janúar og stóð fram á vor og yfir Landsmót þar sem Vigga hélt utan um hópinn og fór með þeim alla leið í braut.

Í undirbúningi fyrir Landsmót var ákveðið að hittast og eiga góðan dag saman. Skemmtigarðurinn í Gufunesi er tilvalinn staður til að vera með hópefli og eiga skemmtilega stund saman. Þar var farið í úti lasertag sem vakti mikla lukku. Mikið var öskrað og hlegið til skiptis. Að því loknu var haldið upp í veitingasal Fáks og grillað og farið í leiki. Í lokin lögðu krakkarnir lögðu svo hönd á plóg við að setja niður gólfíð í reiðhöllinni fyrir Landsmót. Einkennist það af frábært samstarfi þeirra á milli og mikillu stöngu.





Landsmót í Fáki 2024

Stór hópur ungra Fáksmanna tóku þátt. Alls voru 40 knapar sem kepptu fyrir hönd félagsins í yngri flokkum og stóðu þau sig öll með stakri prýði og voru félaginu til mikils sóma. Það var einstaklega skemmtilegt og gefandi að fylgjast með þessum fyrirmyndar hóp í þessari feikna sterku keppni.

Í barnaflokki áttum við fimm fulltrúa í milliriðlum en það voru Alexander Þór Hjaltason,

Helga Rún Sigurðardóttir, Hrafnar Freyr Leósson, Valdís Mist Eyjólfsdóttir og Viktor Leifsson. Hrafnar Freyr Leósson og Heiðar frá Álfhólum höfðu í 12. sæti í B-úrslitum með einkunnina 8,49. Viktor Leifsson og Glaður frá Mykjunesi 2 höfðu í 10. sæti í B-úrslitum með einkunnina 8,53.

Í unglingsflokki áttum við fimm fulltrúa í milliriðlum en það voru Lilja Rún Sigurjónsdóttir, Sigurbjörg Helgadóttir, Gabríel Liljendal Friðfinnsson, Ragnar Snær Viðarsson og Hrefna Kristín Ómarsdóttir. Sigurbjörg Helgadóttir og Elva frá Auðsholtshjáleigu höfðu í 10. sæti í B-úrslitum með einkunnina 8,69, Gabríel Liljendal Friðfinnsson og Ólsen frá Egilsá höfðu í 12. sæti í B-úrslitum með einkunnina 8,61 og Lilja Rún Sigurjónsdóttir og Sigð frá Syðri-Gegnishólum höfðu í 15. sæti í B-úrslitum með einkunnina 8,53.

Í B-flokki ungmenna áttum við þrjá fulltrúa í milliriðlum en það voru Matthías Sigurðsson, Eva Kærnested og Anna Sager en þau komust öll upp í úrslit. Anna Sager og Sesar frá Rauðalæk riðu sig upp í B-úrslit og höfðu þar í 10. sæti með einkunnina 8,65. Eva Kærnested og Logi frá Lerkiholti flugu beint inn í A-úrslitin eftir milliriðla þar sem þau síðan höfðu í 5.sæti með einkunnina 8,62. Matthías Sigurðsson og Tumi frá Jarðbrú unnu B-úrslit með einkunina 9,09. Þeir félagar hættu ekki þar og gerðu sér lítið fyrir og unnu A-úrslitin með glæsi einkunnina 9,03. Matthías fékk einnig þá heiðurs viðurkenningu að vera valinn handhafi Öders-bikarsins en það eru verðlaun sem veitt eru þeim sem sýna fagmannlega og góða reiðmennsku. Matti er svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu kominn.

Fákisarinn Oliver Siren Matthíasson var yngsti knapi mótsins sem keppti á LM en hann verður 10 ár þann 30. Desember. Hann keppti á hestinum Glæsi í barnaflokki.





Félagshesthús Fáks

Í vor kláruðu þær Sif og Karen tíunda starfsárið sitt með Hestaíþróttaklúbbinn Fákur og Fjör. Starfið er ætlað fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 - 17 ára og með það markmið að auðvelda börnum og unglingum að æfa hestaíþróttina markvisst á heilsárs grundvelli og færa hana þannig upp á sama stall og aðrar íþróttagreinar.

Námskeiðið eru að mestu hugsað fyrir nemendur sem vantar lánshest, en á námskeiðinu er lögð áhersla á nemendur upplifi að þau séu með sinn eigin hest í umsjón. Á námskeiðinu fá nemendur tækifæri til að umgangast hestana í hesthúsinu, taka þátt í daglegri umhirðu, æfa umgengni og fræðast um þarfir hesta á húsi. Verklegrar æfingar eru fjölbreyttar og markmiðið er að byggja upp grunnfærni í reiðmennsku með uppbyggilegum æfingum. Starfið fer fram í félagshesthúsi Fáks og reiðtímar fara oftast fram utandyra. Fyrirkomulag kennslustunda getur því stundum verið háð veðri en það truflar áhugasama knapa sjaldnast. Það er nóg um að vera í hesthúsinu þegar veðrið er virkilega slæmt en eldhugarnir í vetur létu fátt stoppa sig í að fara á bak. Kennt er á tímabilinu janúar - júní og svo er haustnámskeið kennt í ágúst – október fyrir utan nokkra sameiginlega viðburði seinna á haustönninni. Á hvoru tímabilinu voru um 40 nemendur sem sóttu kennslu hjá Fákur og fjör.

Reynslumesti hópurinn kallast Sjálfæðir knapar og hefur sá hópur notið vaxandi vins ælda þar sem nemendur fá ýmis tækifæri í takt við getu þeirra m.a. með því að prufa fleiri hross og að þreyta knapamerkjapróf.

Hápunktur síðustu annar var þegar vanasti hópurinn lagði af stað í sannkallaða fjögurra daga hestaferð í höfuðborg. Hópurinn reið á milli hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu og á hverjum degi sköpuðust ógleymanleg ævintýri! Það var reglulega skemmtilegt að gefa krökkunum tækifæri til að njóta þess að ferðast í fallegu umhverfi í nærumhverfi okkar með sínum góðu vinum, bæði samnemendum og hestum.





Fjáröflun

Páskabingóin til styrktar æskulýðsstarfseminni í Fáki hafa ávallt verið vel sótt og mikil steming fyrir því en undanfarin ár hefur ekkert bingó verið haldið og átti covid þar stóran hlut í máli. Unglinga- og ungmennanefnd Fáks taldi að það væri komin tími á að gíra aftur í gang bingó stемninguna sem var hér áður fyrir. Það gekk vonum framur og safnaðist peningur sem verður nýttur til að gera góða hluti saman.



Það kom upp hugmynd um að láta reyna á að fara saman í utanlandsferð og þó nokkur áhugi var fyrir því en það datt svo upp fyrir. En er jafnvel kannski verkefni sem stemmt verður að við gott tækifæri og góðan undirbúning.

MD æskunnar veitingasalan

Meistaradeild æskunnar er haldið í Fáki á sunnudögum. Veitingasalan var skipuð flottum hóp barna og unglunga sem bökuðu vöflur og seldu veitingar til knapa og gangandi gesta. Slegist var um posann og afgreiðslu gesta og mikil stемming sem myndaðist hjá krökkunum. Fjáröflun sem aflaði tekna sem fór í stjód til að gera skemmtilega hluti saman.





Ungir og efnilegir Fákstarar í afrekshópum LH

Hæfileikamótun LH

Hæfileikamótun LH er fyrir unga og metnaðarfulla knapa sem hafa áhuga á bæta sig og sinn hest. Er þetta fyrsta skref og undirbúningur fyrir U-21árs landsliðið og gefur ungum knöpum tækifæri til að láta ljós sitt skína, óháð búsetu. Í ár átti Fákur 6 bráðefnilega knapa í Hæfileikamótun

Gabriel Liljendal Friðfinnsson, Fákur

Lilja Rún Sigurjónsdóttir, Fákur

Ragnar Snær Viðarsson, Fákur

Sigurbjörg Helgadóttir, Fákur

Hrefna Kristin Ómarsdóttir, Fákur

Pórhildur Helgadóttir, Fákur

U21 landslið

Fákur á tvo bráðefnilega knapa í U21 landsliðinu 2023-2024. Það eru frændurnir Matthías Sigurðsson og Ragnar Snær Viðarsson sem keppa í ungmennaflokki.

Norðurlandamót

Þrjú ungmenni kepptu á Norðurlandamóti sem haldið var í Herning í Danmörku. Það voru fákstararnir Matthías Sigurðsson og Páfi frá Kjarri fara í fimmgang, tölt og gæðingaskeið og Matti var einnig með Gust frá Stóra Vatnsskarði í A-flokki ungmenna. Ragnar Snær Viðarsson var með Gimstein frá Íbishóli í tölti og fjórgangi og Skorra frá Þúfu í unglingsflokki gæðingakeppinnar. Og Selma Leifsdóttir keppti á Varúlf frá Eylandi í tölti og fjórgangi.

Annað

Í upphafi vetrar var auglýst eftir aðilum í barna-unglinga og ungmennaráð. Það mættu 13 knapar. Formaður var skipaður í unglings- og ungmennanefnd. Í ungmennanefnd varð fyrir valinu Selma Leifsdóttir og í unglingsnefnd var valin Sigurbjörg Helgadóttir. Hugmyndin gekk út á það að efla félagsanda og félagslíf barna, unglings og ungmenna í Fáki. Verkefni nefndanna var að vinna að tillögum og undirbúning á viðburðum á vegum æskulýðsnefndar Fáks og sem er kjörinn vettvangur til að taka þátt í og hafa áhrif á félagsstarfið í Fáki og láta í sér heyra. Nefndirnar fóru rólega af stað í ár en eru verkefni sem væri gaman að þróa og vinna meira með.



Ég vil vil þakka öllum þeim sem studdu og styrktu okkur í vetur hvort sem það var í vinnuframlagi eða formi gjafa. Án ykkar væri ekki hægt að halda uppi skemmtilegu vetrarstarfi fyrir krakkanna. Það er vonandi tilhlökkun fyrir komandi vetri og árinu 2025 fyrir okkur Fákusfélagi.

Með kærri kveðju,

f.h æskulýðsnefndar Fáks

Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir